

## Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

## Afurð

## Stefnir - Sustainable Arctic Fund hs. (V)

Kennitala: 510422-9880

ISIN: IS0000034049

Rekstrarfélag er Stefnir hf. kt. 700996-2479

Heimilisfang: Borgartún 19 - 105 Reykjavík - Ísland

Vefsíða: www.stefnir.is

Hringja í +354 444 7400 eða senda póst á info@stefnir.is til að fá frekari upplýsingar.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands ber ábyrgð á eftirliti með afurðinni í tengslum við lykilupplýsingaskjalið. Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálastofnun skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðila sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar og vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf.

Lykilupplýsingar þessar miðast við 31. mars 2025

Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja.

## Hvers konar afurð er þetta?

## Tegund

Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Verðbréfasjóðir hafa takmarkaðri fjárfestingarheimildir en sérhæfðir sjóðir. Fjárfestingarheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðs lýsingar hans.

## Heiti

Stefnir - Sustainable Arctic Fund hs. (V)

## Markmið

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í skráðum hlutabréfum hlutafélaga sem starfa eða hafa starfsemi á norðurslóðum, þ.e. þau lönd sem eru aðilar að Norðurskautsráði (e. Arctic Council). Sjóðurinn tekur mið af umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnaþáttum (UFS) við fjárfestingarákvarðanir með það að markmiði að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til lengri tíma. Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignarástöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Sjóðurinn starfar eftir fyrir fram ákveðinni fjárfestingastefnu og mun beina fjárfestingum sínum að þeim fjárfestingarkostum sem að mati rekstraraðila eru líklegastir til að skila sem bestri ávöxtun. Fjárfest er samkvæmt stefnu rekstrarfélagsins um ábyrgar fjárfestingar.

Sjóðurinn hefur heimild til með eigin vali að fjárfesta í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum (80-100%), skuldabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum (0-20%), innlánum fjármálafyrirtækja (0-10%), erlendum peningamarkaðssjóðum (0-10%), afleiðum vegna stöðutöku (0-25%) og öðrum fjármálagerningum en um er getið hér að ofan (0-10%).

Ávöxtun sjóðsins ræðst af hækkuðum eða lækkun á markaðsvirði eigna sjóðsins á fjárfestingartímanum, þ.e. það tímabil sem þú átt hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Fjárfestum ber einnig að skilja að gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað og verða því að geta þolað verðsveiflur, þar sem skammtímasveiflur í ávöxtun geta verið talsverðar. Sjóðurinn hentar vel þeim sem vilja fjárfesta til lengri tíma, en gott er að miða við sjö ár eða lengur.

## Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum, s.s. lífeyrissjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu í rekstri og umsýslu fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma. Sjóðurinn hentar þeim sem þola miklar sveiflur í ávöxtun og þar með hafa þol á tapi af fjárfestingu.

## Líftími

Sjóðurinn er opinn sjóður og engin lokadagsetning er til staðar fyrir sjóðinn. Hins vegar hefur framleiðandi afurðarinnar rétt á að slíta sjóðnum undir ákveðnum kringumstæðum, t.a.m. ef framleiðandi metur það hagstæðara fyrir hlutdeildarskírteinishafa að slíta sjóðnum eða sameina hann öðrum. Nánari upplýsingar má finna í 8. gr. Viðauka I í útboðs lýsingu sjóðsins. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum alla virka viðskiptadaga undir venjulegum kringumstæðum og miðast gengi viðskipta við lok viðskiptadags. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 14:30 hljóta uppgjör að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta hljóta uppgjör að þremur virkum dögum liðnum. Í undantekningartilvikum gæti innlausnum verið frestað.

## Aðrar upplýsingar

Vörsluaðili: Arion banki hf.

Sölu- og vörsluaðili: Arion banki hf.

Uppgjörsmýnt sjóðs: EUR.

Sjóðurinn var stofnaður 25. apríl 2022.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður, þ.e. arðtekjum er endurfjárfest.

Nánari upplýsingar á www.stefnir.is

# Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

## Áhættuvísir



Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú heldir afurðinni í 7 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér.

Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 4 af 7 þ.e.a.s. áhættuflokkur í meðallagi.

Þetta metur hugsanlegt tap af framtíðarárangri með miðlungs stigi, og vegna slakra markaðsaðstæðna gæti haft áhrif á getu okkar til að greiða þér.

**Vertu meðvitaður/-vituð um gjaldmiðilsáhættu. Þú tekur við greiðslum í öðrum gjaldmiðli þannig að endanleg ávöxtun sem þú færð veltur á gengi gjaldmiðlanna tveggja. Þessi áhætta er ekki höfð í huga í vísinum hér að ofan.**

Áhættuþættir sem hafa áhrif á afurðina en áhættuvísirinn nær ekki yfir eru m.a. mótaðilaáhætta, rekstraráhætta og seljanleikaáhætta/lausafjáraáhætta. Aðrir áhættuþættir gætu verið til staðar. Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni.

Mótaðilaáhætta: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstremmis viðskiptanna á sér stað.

Rekstraráhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrar félagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg og pólitísk áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Seljanleikaáhætta/Lausafjáraáhætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásætlanlegs tímaramma.

## Árangurssviðsmyndir

Hvað þú munt fá fyrir þessa afurð er háð framtíðar markaðsframmistöðu. Markaðsþróun í framtíðinni er óviss og ekki hægt að spá fyrir um af nákvæmni.

Óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru framsetning á versta, meðaltals og besta árangri af viðeigandi viðmiðun síðustu 12 ár. Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni.

### Ráðlagður fjárfestingartími: 7 ár

Dæmi um fjárfestingu: 10.000 EUR

Sviðsmyndir

Ef þú gengur út eftir

1 ár

Ef þú gengur út eftir

7 ár

(Ráðlagður fjárfestingartími)

Lágmark	Það er engin lágmarkstryggð ávöxtun	Þú gætir tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni	
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	3.836 EUR	2.479 EUR
	Meðalávöxtun á hverju ári	-61,6%	-18,1%
Óhagstæð sviðsmynd <sup>1</sup>	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	8.452 EUR	9.329 EUR
	Meðalávöxtun á hverju ári	-15,5%	-1,0%
Hófleg sviðsmynd <sup>2</sup>	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	10.530 EUR	14.968 EUR
	Meðalávöxtun á hverju ári	5,3%	5,9%
Hagstæð sviðsmynd <sup>3</sup>	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	15.051 EUR	18.323 EUR
	Meðalávöxtun á hverju ári	50,5%	9,0%

1 Þessi sviðsmynd raungerðist fyrir fjárfestingu í Scandinavian Fund ESG hs. á tímabilinu október 2021 til mars 2025

2 Þessi sviðsmynd raungerðist fyrir fjárfestingu í Scandinavian Fund ESG hs. á tímabilinu ágúst 2016 til ágúst 2023

3 Þessi sviðsmynd raungerðist fyrir fjárfestingu í Scandinavian Fund ESG hs. á tímabilinu desember 2014 til desember 2021

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa, en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínum eða dreifingaraðila. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður.

## Hvað gerist ef Stefnir hf. getur ekki greitt út?

Ef Stefnir hf. getur ekki greitt út gætir þú orðið fyrir fjárhagslegu tapi. Fjárfestingar viðskiptavinar í sjóðum Stefnis njóta almennt ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Vörsluaðili sjóðsins (Arion banki hf.) heldur eignum sjóðsins aðskildum frá eignum Stefnis hf. Í versta falli gætir þú tapað allri fjárfestingu þinni. Stefnir hvetur viðskiptavini að kynna sér almenna fyrirvara félagsins sem eru aðgengilegir á vefsíðu félagsins.

## Hver er kostnaðurinn?

Aðilinn sem veitir ráðgjöf um eða selur þér þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun þessi aðili veita þér upplýsingar um þennan kostnað og hvernig hann hefur áhrif á fjárfestingu þína.

### Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir og hve lengi þú átt afurðina. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Gengið er út frá:

- Á fyrsta ári munir þú fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% ársávöxtun). Fyrir önnur fjárfestingartímabil er gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni
- Fjárfest er fyrir 10.000 EUR

	Ef þú gengur út eftir 1 ár	Ef þú gengur út eftir 7 ár
Heildarkostnaður	190 EUR	2.090 EUR
Árleg áhrif kostnaðar (*)	1,9%	2,0% hvert ár

(\*) Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera 7,9% fyrir kostnað og 5,9% eftir kostnað.

### Samsetning kostnaðar

Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu		Ef þú gengur út eftir 1 ár
Inngöngukostnaður	Við innheimtum ekki inngöngugjald.	0 EUR
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngukostnað fyrir þessa afurð	0 EUR
Viðvarandi kostnaður [sannreyndur hvert ár]		
Umsýslugjöld og annar stjórnsýslu- og rekstrarkostnaður	1,8% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði á síðasta ári.	180 EUR
Viðskiptakostnaður	0,1% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	10 EUR
Aukakostnaður við sérstök skilyrði		
Árangursgjöld [og hlutdeild í hagnaði]	Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð.	0 EUR

## Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

### Ráðlagður fjárfestingartími: 7 ár

Þú ættir að gera ráð fyrir að halda fjárfestingu þinni í 7 ár eða lengur. Hægt er að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda án kostnaðar en söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald. Frekari upplýsingar um samsetningu kostnaðar má finna í töflunni hér fyrir ofan undir kaflanum Samsetning kostnaðar. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 14:30 hljóta uppgjör að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta hljóta uppgjör að þremur virkum dögum liðnum. Í undantekningartilvikum gæti innlausnum verið frestað.

### Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun til Stefnis skriflega á tölvupóstfangið kvortun@stefnir.is. Tiltaka skal ástæður kvörtunar og lýsa í meginatriðum því sem kvartað er yfir. Einnig er hægt að bera fram kvörtun í síma +354 444 7400 eða með bréfpósti í heimilisfangið Borgartún 19, 105 Reykjavík, Ísland. Nánari upplýsingar um meðhöndlun kvartana er hægt að nálgast á vefsíðu Stefnis.

### Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Útgáfufylsingu sjóðsins, nýjustu útgáfu lykilupplýsingablaðs ásamt upplýsingum um ávöxtun má nálgast á [www.stefnir.is](#). Fyrri árangursviðsmyndir má finna í eldri útgáfum lykilupplýsingablaða sjóðsins.